

tekið sé til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið; 1863.
10. marzm.

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalféhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga þá er embættismaður æskir borgunarið. Landfógeti verður og ávallt að hafað ritað á launaávísanir þessar, að þær hafi verið honum sýndar og að hann hafi bókað þær.

Um leið og þær, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunn-
gjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að ofan er sagt, getur stjórnarráðið þess, að fyrsti meðdómandi í landsyfírréttinum framvegis á að halda þeim 250 rdl. á ári, sem hann að undanfögnu hefir fengið úr dómsmálasjóðnum, með því þetta fè er borgun fyrir starfa, sem ekki er embættis-
verk hans, en þar á móti falla burtu þeir 50 rdl. á ári, sem annar meðdómandi í landsyfírréttinum hingað til hefir fengið úr sama sjóði, þaræð sjóður þessi ekki er ætlaður til að borga úr honum slík laun, og fè þetta upphaflega var veitt til að bæta fyrst um sinn laun embættismannsins þangað til skipulagi yrði á þau komið.

Að endingu skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um þetta málefni og einnig hinum amt-
mönnum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættis-
menn þá, er búa í umdæmum þeirra.

23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 10. marzm. vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jónínu Jóns- dóttur.

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra
amtmaður, dagsettu 11. ágúst. f. á., hafa sveitarforstjórnir
í Barðastrandar hrepp í Barðastrandar sýslu borið sig upp
undan úrskurði amtsins 20. októberm. 1860, er ákvað, að stúlkan
Jónína Jónsdóttir ætti framfærslurétt í hrepp þessum; hældu
þeir, að hún ætti framfærslurétt í Flateyjar hrepp, þar sem

1863.

10. marzm.

faðir hennar var sveitlægur þegar hann dó, þareð hvorki faðir stjúpföður hennar, sem hún var í fóstri hjá, nè stjúpfaðir hennar sjálfur, sáu sér lengur fært að veita henni forsorgun; en í greindum úrskurði amtsins er svo álitð, að hún öðlist framfærslurétt þar sem móðir hennar varð sveitlæg, þá er hún giptist í annað sinn.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það, að þareð ofangreind Jónína Jónsdóttir var yngri en 16 vetra að aldri, þá er amtið lagði úrskurð á málið, og bæði móðir hennar og stjúpi voru á lífi, þá eru úrslit máls þessa eigi undir því komin, hvar hún sè sveitlæg, heldur verður að álíta styrk þann, sem veittur hefir verið henni til framfæris, eins og hann hefði verið veittur foreldrum hennar, og þareð enginn ágreiningur er um, að þau eru sveitlæg í Barðastrandar hrepp, getur sú sveit ekki átt tilkall til endurgjalds frá Flateyjar hrepp fyrir fè það, sem varið var henni til uppeldis þangað til hún varð 16 vetra gömul.

10. marzm.

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lögregluþjón í Gullbringu sýslu.

Í skjali nokkru, er hingað barst með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 13. nóvemberm. f. á., hefir Clausen sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu farið þess á leit, að veitt verði úr jafnaðarsjóði amtsins eður einhverjum öðrum sjóði svo mikið fè, er þurfi til að fá einn lögregluþjón, er ætti að búa í Hafnarfirði og vera skyldur að fara með sýslumanni í lögregluerindum hans, hvenær sem honum þætti slíkt nauðsynlegt. Um leið og þér senduð hingað skjal þetta, hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að þér að vísu álitð hagfelld, að þetta geti komizt á, en að það muni kosta 200 rdl. á ári, og að fè þetta hvorki geti orðið greitt úr dómsmálasjóðnum, nè heldur úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins; og með því yður eigi heldur virtist að þér geta lagt það til, að það verði greitt úr ríkissjóðnum, þá hafið þér, um leið og þér skutuð málinu